

Ísafjörður 10. janúar 2024

Vegna grenndarkynningar á áformum um stækkun á svölum að Seljalandsvegi 73.

Undirritaðir fasteignaeigendur að eignunum Miðtún 23, Miðtún 25 og Seljalandsvegur 75 hafa fengið til kynningar og umsagnar áform um stækkun á svölum að Seljalandsvegi 73.

Með breytingunum verður nýting umrædds byggingareits mun meiri en nærliggjandi húsa og húsið mun verða enn utar þeirrar byggingarlínu sem húsin við Seljalandsveg 67-77 eru Miðtúnsmegin. Eins og kunnugt er var umrædd eign stækkuð fyrir nokkrum árum og er eftir það um 2 metrum úr umræddri byggingarlínu, eitt húsa með tilheyrandi áhrifum á götummynd. Með þessari breytingu skarar húsið enn lengra út úr þeirri línu.

Á umræddu svæði er ekki til staðar gilt deiliskipulag. Það breytir aftur á móti ekki þeirri staðreynd að framkvæmdir þurfa að vera í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Í hverfi þarf að vera ákveðið yfirbragð og byggingarskilmálar svo sem nýtingarhlutfall, byggingaform og götulínur. Það er hlutverk sveitarstjórnar að móta slíka umgjörð. Jafnframt má ljóst vera að allir íbúar þurfa að búa við jafnræði þegar kemur að möguleikum á stækkun og breytingum á sínum eignum. Annars er hætt við höfrungahlaupi þar sem íbúar stækka hús sín einn á eftir öðrum til að bæta útsýni sitt á kostnað annarra. Það getur ekki verið eina krafan að nágrannar samþykki eða synji áformum um breytingar. Sveitarfélagið þarf að móta skilmála hverfisins í lögformlegu deiliskipulagsferli.

Eins og fram hefur komið hefur fasteignin nú þegar verið stækkuð, götulínu riðlað og hún þrengd. Umrædd framkvæmd mun skerða útsýni, þrengja að nálægum húsum og raska götummynd enn frekar en orðið hefur. Jafnframt má ætla að nýtingahlutfall byggingareitar verði hærra en hefð er fyrir í hverfinu.

Undirritaðir fasteignaeigendur samþykkja ekki fyrirhugaða stækkun á svölum á Seljalandsvegi 73.


Miðtún 23


Heiðrún Tryggvadóttir


Fjöltnir Ásbjörnsson


Miðtún 25


Hólmfríður Vala Svavarsdóttir


Daníel Jakobsson

Seljalandsvegur 75


Hildur Elísabet Pétursdóttir


Svavar Þór Guðmundsson